



URRÍÐAHOLTSSKÓLI

Kennsluáætlun 2024-2025

3.- 4. bekkur – Textíl

Kennari: Ásta Kristín Ingólfssdóttir

| | Lýsing |
|-----------------|--|
| Námsgöng | Efni frá kennara, <i>Leikniæfingar í vélsaumi</i> eftir Sigrúnu Önnu Ólafsdóttur og <i>Ullarþóf</i> eftir Júlíu Þorvaldsdóttur og Þórunni Eiríksdóttur, <i>Úr körfu textílkennarans</i> |
| Kennsluaðferðir | |
| Hæfniviðmið | <ul style="list-style-type: none">• Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.• Unnið úr nokkrum gerðum textílefna.• Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.• Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.• Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.• Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.• Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.• Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni. |
| Námsmat | |

| Tímabil | Náms og viðfangsefni | Hæfniviðmið | Námsmat |
|-----------------------------|---|---|---|
| Kennt í lotum Verkefni 1 | Saumavélapróf Farið er yfir grunnatriði saumavélar og orðaforðann sem tengist saumavélum. Sýnikennsla hvernig maður kveikir á saumavél, þræða saumavélina, sauma eftir beinni línu, beygja og bakka. - Nemendur vinna verklegar æfingar úr <i>leikniæfingar í saumvél</i> fyrir stig 1. Saumað er í blað, fyrst án tvinna en síðan er notaður tvinni. - Að lokum taka nemendur saumavélapróf þar sem þeir sauma í blað með tvinna eftir beinni línu, í beygjur og bakka í byrjun og enda. - Nemendur svara munnlegum spurningum um | <ul style="list-style-type: none">• Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.• Unnið eftir einföldum leiðbeiningum. | Símat, virkni í tímum og samtal í tímum |

| | | | |
|------------|--|--|-----------------------|
| | saumavélina og fá að afhent saumavélaskírteini sem sönnun þess að þeir hafa tekið saumavélaprófið stig 1. | | |
| Verkefni 2 | <p>Púði með hveitibatik: Nemendur byrja á að teikna einfalda mynd með útlínunum. Kennari skoðar með nemendum hvernig myndir eru ef línur eru hvítar í staðinn fyrir svartar.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Nemendur teikna upp myndina sína yfir á óbleikjað léreft á ljósaborði með hveitilími. Hveitilímið fær síðan að þorna. - Þegar hveitilímið er þurrt mála nemendur léreftið með textílmálningu og að lokum er hveitilímið kroppað af. - Nemendur velja sér lítað léreft og skrifa nafnið sitt á léreftið með krítarlit. - Nemendur rifja upp hvernig sauma á bein spor og sauma þannig út nafnið sitt með perlugarni. - Nemendur strauja léreftið með máluðu myndina á til þess að festa málninguna. - Nemendur sauma saman léreftin tvö á röngunni í saumavélinni með beinum saumi, snúa síðan við og fylla með tróði. Sauma að lokum saman gatið sem var skilið eftir fyrir tróðið. | <ul style="list-style-type: none"> • Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum. • Unnið eftir einföldum leiðbeiningum. • Unnið úr nokkrum gerðum textílefna. • Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu • Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt. • Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni. | Símat, virkni í tímum |
| Verkefni 3 | <p>Þæfður ullarsnákur: Kennari fræðir nemendum um íslensku ullina, hvernig hægt er að nota hana og hvað hvernig ullin breytist við þæfingu.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Nemendur velja sér lit á ullarkembu. Kennari rúllar upp kúlur með mismunandi | <ul style="list-style-type: none"> • Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum. • Unnið eftir einföldum leiðbeiningum. • Unnið úr nokkrum gerðum textílefna. • Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt. | Símat, virkni í tímum |

| | | | |
|--|--|---|------------------------------|
| | <p>litum af ullarkembu sem þarf svo að þæfa.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Nemendur fylgja sýnikennslu í tíma við þæfingu á ull í poka. Þegar ullarkúlan er þæfð er klipptur munnur í kúluna og þá sjást vel mismunandi litir inni í kúlunni. - Nemendur klippa út 15 hringi í filt eftir mismunandi stærðum og velja sér perlur. Byrjað er á að þræða filtring, síðan tveimur perlum og síðan endurtekið þar til komin er góð lengja. - Kennari aðstoðar við að festa lengjuna við þæfðu kúluna. - Nemendur festa augu á þæfðu kúluna með límbyssu og klippa út tungu í filt og festa. | <ul style="list-style-type: none"> • Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt. | |
| <p>Verkefni 4 Samvinnuverkefni smíði og textílmenn</p> | <ul style="list-style-type: none"> - Endurnýting á notuðum gardínum úr silkiefni. Nemendur mála fána að eigin vali á efnisbút og festa á fánastöngina sem þeir unnu í smíði. | <ul style="list-style-type: none"> • Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum. • Unnið eftir einföldum leiðbeiningum. • Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt. • Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu. | <p>Símat, virkni í tímum</p> |